

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 2018 í máli nr. S-440/2018:

Ákærvaldið

(Katrín Ólöf Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

A

(Helgi Jóhannesson lögmaður)

B

(Guðmundur Birgir Ólafsson lögmaður)

I

Mál þetta, sem var dómtekið 30. nóvember 2018, er höfðað með ákæru dagsettri 5. júní 2018, útgefinni af Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu á hendur A, kt. 000000-0000, [...], og B, kt. 000000-0000, [...], „fyrir ofbeldisbrot í nánú sambandi, líkamsárás og barnaverndarlagabrot, laugardaginn 16. júlí 2016 að [...], veist með ofbeldi að C, kt. 000000-0000, ákærði B, sem er barnsfaðir og fyrrum unnusti C, með því að hafa tekið hana hálstaki og þrengt ítrekað að hálsi hennar, hrint henni þannig að hún féll í gólfíð, rífið í hár hennar og ýtt henni utan í vegg og ákærða A síðan veist að C með ofbeldi með því að hlaupa ítrekað á hana þannig að hún fékk högg á líkama og ítrekað klórað hana, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut marga yfirborðsáverka á hálsi, tognun og ofreynslu á háls- og brjósthrygg og aðra yfirborðsáverka á bakvegg brjóstkassa. Barn ákærða B og brotaþola C, D, kt. 000000-0000, var vitni að háttseminni og með því beittu ákærðu hana ógnunum og vanvirðandi hegðun og sýndu henni yfirgang, ruddalegt og ósiðlegt athæfi.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 23/2016, og 1. og 3. mgr. 99 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 3. gr. laga nr. 52/2009.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Einkaréttarkröfur:

Dögg Pálsdóttir lögmaður gerir f.h. C kröfu um að ákærði, B, verði dæmdur til greiðslu skaða- og miskabóta að fjárhæð 1.589.680 kr. með vöxtum frá 16. júlí 2016, sbr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafist er dráttarvaxta að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu til greiðsludags, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001. Þá er krafist greiðslu réttargæslupóknunar úr hendi ákærða, brotaþola að

skaðlausu.

Dögg Pálsdóttir lögmaður gerir f.h. C kröfu um að ákærða A verði dæmd til greiðslu skaða- og miskabóta að fjárhæð 350.000 kr. með vöxtum frá 16. júlí 2016, sbr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafist er dráttarvaxta að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu til greiðsludags, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001. Þá er krafist greiðslu réttargæsluþóknunar úr hendi ákærðu, brotþola að skaðlausu.

II

Málavextir:

Samkvæmt frumskýrslu lögreglumannsins E hafði F samband við Neyðarlínu að morgni laugardagsins 16. júlí 2016 og óskaði eftir nærveru lögreglu að [...] kl. 13 sama dag. Tilefnið var að hann ætlaði ásamt skjólstæðingi sínum, C (brotþola), að fara þangað og sækja D, dóttur hennar og ákærða. [...] er sameiginlegt heimili ákærðu sem eru hjón. Neyðarvörður tilkynnti F, eftir samtali við lögreglumann, að lögregla væri ekki ákvörðunaraðili í umgengnismálum en lögreglumaðurinn ákvað samt sem áður að vera nálægt vettvangi þegar þau sæktu barnið. Þegar lögreglumaðurinn kom á staðinn biðu brotþoli og F í bifreið sinni fyrir utan heimili ákærðu. Þau gáfu sig á tal við lögreglumanninn og spurði brotþoli hvort hann ætlaði ekki að koma með þeim heim að dyrum. Hann kvaðst ætla að bíða átekta en yrði í sjónmáli við anddyri hússins. F og brotþoli gengu að anddyri [...] og knúðu dyra. Skömmu síðar sá lögreglumaðurinn karlmann koma til dyra og að því er virtist áttu hann og brotþoli mjög stutt orðaskipti og lokaði karlmaðurinn (sem síðar kom í ljós að var ákærði) dyrunum. Við þetta varð brotþoli mjög æst, barði kröftuglega á hurðina, benti á lögreglumanninn og öskraði til ákærða „að lögreglan væri hér“ og heimtaði að ákærði skilaði barninu. Ákærði kom aftur til dyra og við það rauk brotþoli inn og F svo örstuttu síðar í humátt á eftir henni. Við þetta óskaði lögreglumaðurinn eftir aðstoð, fór út úr lögreglubifreiðinni og nálgadist húsið. Hann heyrði einhver öskur og svo kom brotþoli út með barnið með sér, og það bað um hjálp. F kom þar á eftir og svo ákærðu. Brotþoli fór með barnið út í bifreið þeirra F en lögreglumaðurinn hóf að stilla til friðar. Þá kom fram að F væri sambýlismaður brotþola en hann hafði aðeins kynnt sig sem lögmann hennar. Í samtali lögreglumannsins við F og brotþola kom fram að þau hefðu átt að sækja barnið kl. 13:00 skv. úrskurði sýslumanns. Ákærði hafi hótad því að afhenda ekki barnið og fara jafnvel með það út í sveit þar sem þau myndu ekki finna það. Í úrskurði sýslumanns stóð að sumarleyfi D með foreldrum sínum myndi breytast þann 16. júlí „um miðjan dag“. Þau virtust ekki hafa náð samkomulagi um túlkun á þeirri tímasetningu. Fram kom

Í frumskýrslu að þegar að brotaþoli hefði komið út úr húsi ákærða hefði lögreglumaðurinn séð smávægilega áverka rétt neðan við hálsinn á henni. Í samtali lögreglumannsins við ákærða kom fram að hann ætlaði ekki að afhenda barnið því honum hefði verið ráðlagt að fá bólusetningarvottorð þar sem þau F og brotaþoli væru að fara með það í frí til [...]. Hans mat á „miðjum degi“ væri nær kl. 15 eða 16, eða á svipuðum tíma og skóla lyki. Hann vildi fá barnið aftur inn til að geta kvatt það eðlilega og að það gæti kvatt systur sína. Ákærði sakaði brotaþola um húsbrot og að hafa ráðist að eiginkonu sinni, ákærðu A. Þá benti hann á rispur í parketi og brotinn blómapott. Hann sagðist hafa varið sig þegar brotaþoli réðst inn. Þá kom fram að ákærði og F hefðu einnig lent í stimpingum en þeir tjáðu sig báðir minna um það og snerist málið aðallega um klukkan hvað hefði átt að sækja barnið. Lögreglumanninum tókst að stilla til friðar milli aðila og féllust brotaþoli og ákærði á að barnið færi aftur inn að [...], myndi kveðja og sækja sér skó og það tæki allt að 30 mínútur. Þetta gekk eftir og fóru F og brotaþoli með barnið sína leið. Barnavernd var tilkynnt um málið í síma. Málsaðilar sögðust báðir ætla að leggja fram kærur. Maður að nafni G var á vettvangi og sagðist hafa heyrt hluta þess sem fram fór og tekið eftir stimpingum innandyra. Ákærða sagðist hafa verið inni þegar brotaþoli réðst inn. Lögreglumaðurinn hafði ekki eftir henni framburð en hún virtist samt hafa verið í meintum átökum innandyra.

Þriðjudaginn 23. ágúst 2016 kom brotaþoli á lögreglustöð til að tilkynna líkamsárás ákærðu á hendur sér hinn 16. júlí sama ár. Hún sakaði ákærða B um að hafa tekið hana hálstaki, hrint henni og togað í hár hennar laugardaginn 16. júlí 2016 að [...]. Þá hafi ákærða A við sama tækifæri hlaupið „inn í hana“ og klórað hana.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð H, slysa- og bráðalæknis. Þar kemur m.a. fram að brotaþoli hafi leitað á bráðamóttöku LSH í Fossvogi kl. 14:42 hinn 16. júlí 2016. Hún greindi svo frá að hún hefði um kl. 14 orðið fyrir ofbeldi af hendi barnsföður síns er hún hefði verið að sækja dóttur sína til hans. Hann hafi ekki viljað afhenda barnið og hafi lokað á hana. Hún hafi heyrt dóttur sína gráta fyrir innan og sótt hana. Barnsfaðir hennar hafi komið aftan að henni, tekið hana kverkataki og hent henni í gólfið. Þegar hún hafi komist á fætur hafi sambýliskona mannsins hlaupið á hana og hafi brotaþoli fengið högg við það. Hún finni til í hálsi og finnist vont að kyngja, hósti og fái blóðbragð í munninn. Einnig hafi hún kvartað um höfuðverk og verk í herðum og baki og fundist hún vera dofin. Við skoðun læknisins var brotaþoli vel vakandi og áttuð. Hún var í miklu andlegu uppnámi og brast í grát á tímabili og fannst hún þurfa að kasta upp. Það var vægur roði vinstra megin á hálsi og sáust tvær rispur hægra megin á hálsi. Þá voru tvær fimm cm langar rispur yfir

herðablaði vinstra megin og eymsli yfir herðablaði hægra megin en ekki yfir hálsi.

Greiningar voru:

„Margir yfirborðsáverkar á hálsi, S10.7

Tognun og ofreynsla á háls hrygg, S13.14

Aðrir yfirborðsáverkar á bakvegg og brjóst kassa, S20.4

Tognun og ofreynsla á brjósthrygg, S23.3“

Meðferð:

Skoðun benti til tognunar í háls- og brjósthrygg og fékk hún ráðleggingar um hvíld og að forðast líkamlega áreynslu næstu tvær vikurnar. Var henni ráðlagt að taka verkjalyf og vísað til eftirlits hjá heimilislækni. Teknar voru myndir af hálsi og baki. Eftir að brotaþoli kom heim hafði hún samband vegna blóðs í þvagi. Fékk hún þær leiðbeiningar hjá hjúkrunarfræðingi um að sjá aðeins til en leita aftur til bráðamóttöku ef verkur eða blæðing ykist. Þá var send beiðni um áfallahjálp til sálfræðings frá bráðamóttöku. Ekki voru bókaðar fleiri komur vegna afleiðinga þessara áverka.

Þá liggur fyrir vottorð M, sérfræðings í klínískri sálfræði, þar sem fram kemur að brotaþoli hafi sótt regluleg stuðnings- og meðferðarviðtöl, frá september 2016 fram í apríl 2017, vegna alvarlegrar líkamsárásar sem hún hafi orðið fyrir af hálfu barnsföður síns í júlí 2016. Barnsfaðirinn hafi í gegnum árin að staðaldri áreitt brotaþola. Í viðtölunum komi með greinilegum hætti fram að hegðun barnsföður hafi verið ástæða niðurbjótandi streituálags, kvíða og vanlíðunar, enda alla jafna ófyrirséð hvenær næstu holskeflu ofbeldis og yfirgangs væri að vænta. Hafi það verið meginviðfangsefnið sem vinna þurfti með á þeim tíma sem brotaþoli sótti tíma til sálfræðingsins.

Fyrir liggja gögn frá LSH um fósturlát brotaþola sumarið 2016.

Fyrir liggur læknisvottorð K, sérfræðings í geð- og embættislækningum, um ákærðu A. Þar kemur m.a. fram að hún hafi átt við vanlíðan að stríða síðan brotaþoli og F réðust inn á heimili hennar og eftir að henni var birt ákæra. Var það álit læknisins að A upplifði að hún hefði orðið fyrir mikilli árás og hún vantroysti kerfinu sem tæki ekki mark á „hennar sannleika“.

Í málinu liggja fyrir gögn sem sýna að brotaþoli og ákærði hafa allt frá því að barn þeirra var mjög ungt átt í deilum um umgengi barnsins við ákærða en brotaþoli fer

ein með forsjá þess.

Hinn 19. ágúst 2016 lögðu ákærðu hvort um sig fram kæru hjá lögreglu á hendur brotþola og F fyrir húsbrot, líkamsmeiðingar og eignaspjöll. Hinn 31. maí 2018 hætti lögregla rannsókn hvað varðaði líkamsmeiðingar og eignaspjöll beggja kærðu, sem og húsbrot kærða F. Lögregla féll hins vegar frá saksókn hvað varðaði húsbrot brotþola. Ákærðu kærðu þessa ákvörðun til ríkissaksóknara en hann staðfesti hana hinn 2. október 2018.

III

Skýrslutökur fyrir dómi:

Ákærði B skýrði svo frá fyrir dómi að barnið hefði verið hjá honum í sumarleyfi. Nokkrum dögum áður en því hefði lokið hefði brotþoli haft samband við hann og eiginkonu hans, um það hvenær ætti að skila því til hennar. Hann hefði sagt henni að það væri um miðjan dag, eins og kveðið væri á um í úrskurði sýslumanns. Brotþoli og F hefðu komið um kl. 13 laugardaginn 16. júlí 2016. Hann hefði farið til dyra og sagt þeim að barnið yrði afhent kl. 15 og síðan lokað dyrunum. Við það hefði brotþoli sturlast og lamið á hurðina. Hann hefði sagt að hann yrði að kalla til lögreglu. Þá hafi F sagt að þess þyrfti ekki þar sem lögregla væri þegar á staðnum. Hefði ákærði þá litið út um gluggann og séð lögreglubifreið í götunni. Hefði hann þá ákveðið að fara út og tala við lögreglumanninn. Er hann opnaði dyrnar hefðu brotþoli og F ruðst inn í húsið. Brotþoli hefði ýtt hendi hans frá hurðinni og farið inn. Hann hefði öskrað á þau að þau væru ekki velkomin. Brotþoli hefði sparkað í hvolp sem var fyrir henni. Er brotþoli hefði verið kominn inn í holið hefði ákærði ítrekað að þau ættu að fara út. Þá hefði brotþoli sparkað í hann, kýlt hann, hrækt fram í hann og „stigið inn í hann“. Hann hefði þá gripið utan um hana ofarlega og lagt hana niður í gólfíð. Hann hefði verið hræddur um hvað gæti gerst því hann hefði áður sætt ofbeldi af hálfu hennar og þá væri F þjálfaður í [...]. Enn fremur væri brotþoli mjög sterk, en [...]. Nánast á sama tíma og hann hefði lagt hana niður hefði hann fengið bylmingshögg í bakið og séð F halda í ákærðu A og hefði hann þá sleppt brotþola. Við það hefði F sett sig í bardagastellingu. Hann hefði spurt F hvort hann væri að grínast. Þá hefði brotþoli ráðist á ákærðu sem hefði fallið í gólfíð og hefði brotþoli sparkað í hana. Síðan hefði brotþoli dregið barnið út úr húsinu á sokkaleistunum. Öll atburðarásin hafi tekið 30–40 sekúndur. Ákærði hefði farið út og mætt lögreglumanni. Hann hefði spurt lögreglumanninn hvað væri í gangi og hefði hann svarað því til að lögmaður brotþola hefði óskað eftir aðstoð við að ná í barnið og bent á F. Ákærði hafi sagt lögreglumanninum að F væri ekki lögmaður hennar heldur kærasti. Hann hefði náð

í úrskurð sýslumanns og ekki sagst ætla að afhenda barnið fyrr en kl. 15. Hann hefði óskað eftir að lögreglumaðurinn kæmi inn og skoðaði vettvang því hann hefði hugsað sér að kæra líkamsárás og eignaspjöll. Lögreglumaðurinn hefði neitað því og sagt honum að kæra þetta á mánudeginum. Ákærði hefði farið inn og tekið myndir og sýnt lögreglumanninum. Lögreglumaðurinn hefði komið því til leiðar að ákærðu gætu kvatt barnið. Um hálf tíma síðar hefðu þau farið út með barnið og afhent það brotþola en hún, F og lögreglumaðurinn hefðu beðið fyrir utan á meðan.

Ákærði neitar að hafa tekið brotþola hálstaki eða hrint henni í gólfið. Þá hafi hann ekki ýtt henni utan í vegg. Ákærða A hafi ekki snert brotþola. Hann hafi ekki séð áverka á brotþola eftir átökin.

Ákærði segir að þau brotþoli hafi ekki verið í sambúð né verið par. Þau hafi verið „on off“ í tvö ár. Samskipti eftir að barnið fæddist hefðu verið mjög slæm. Brotþoli hefði ítrekað komið í veg fyrir að hann fengi að sjá barnið eða að það fengi að fara með honum og fjölskyldu hans í frí erlendis.

Ákærði kannaðist við að kvöldið fyrir meinta árás hefðu hann og brotþoli verið í tölvupóstsamskiptum vegna ferðarinnar þar sem hann hefði m.a. óskað eftir upplýsingum um bólusetningar barnsins. Hann kannaðist við að hann hefði sagt henni að hann væri búinn að tilkynna erlendum yfirvöldum um ferðir þeirra en það hefði verið ósatt.

Ákærða A skýrði svo frá að umræddan laugardag hefði hún verið nýkomin heim úr vinnu. Barnið hefði verið hjá ákærða og hefðu þau verið að ræða um fyrirhugaða utanlandsferð barnsins. Um kl. 13 hefði dyrabjöllunni verið hringt og hefði hún séð brotþola og F fyrir utan. Hefði hún sagt ákærða að þau væru komin. Barnið hefði orðið mjög hrætt og sagt nei, nei, nei. Ákærði hefði farið til dyra og sagt að barninu yrði skilað um þrjúleytið, eins og segði í úrskurði sýslumanns. Brotþoli hefði tryllst og lamið í hurðina. Ákærði hefði sagt að hann myndi hringja í lögreglu ef þau færu ekki. Þá hefðu þau sagt að lögregla væri þegar á vettvangi. Hefði ákærði ætlað að tala við lögregluna. Skipti þá engum togum að þau hefðu ruðst inn í húsið. Hefði brotþoli fært höndina á ákærða frá dyrunum, sparkað í hvolp sem var á svæðinu og ráðist á ákærða, sparkað í hann og hrækt. Hefði ákærði tekið um axlir brotþola að framan og lagt hana niður í gólfið. Þá hefði F gripið í ákærðu. Hefði hún verið hrædd því F [...] eigi sögu um ofbeldi. Brotþoli hefði komið að henni hrint henni í gólfið og sparkað í hana. Þá hefði brotþoli náð í barnið, sem hafði falið sig bak við píanó, rifið í það og dregið það út á sokkaleistunum. Hún hefði rætt aðeins við F. Þau hefðu síðan farið út og hitt lögreglumanninn. Þau hefðu síðan fengið að kveðja barnið. Það hefði verið ráðist á

heimili hennar umræddan dag. Ákærðu hafi liðið skelfilega eftir þetta og telji hún að brotþoli hafi lagt líf hennar og fjölskyldu hennar í rúst.

Ákærða sagði að ákærði hefði ekki tekið brotþola hálstaki. Þá hefði brotþoli ekki skallið í gólfíð. Hún hefði ekki heldur séð ákærða rífa í hár hennar eða ýta henni í vegg. Brotþoli hefði hins vegar sparkað í vegg. Ákærða hefði ekki veist að brotþola, hvorki hlaupið á hana né klórað hana. Ákærða hefði legið á gólfinu bjargarlaus er brotþoli réðst á hana. Hún hefði ekki séð neina áverka á henni. Telur hún útilokað að áverkar brotþola sem lýst er í áverkavottorði hafi komið í átökunum.

Brotþoli sagðist dagana fyrir 16. júlí 2016 hafa reynt að hafa samband við ákærða til að fá að vita hvenær hann ætlaði að skila barninu eftir sumarleyfið. Hefði hann ekki svarað henni. Stúlkan hefði hins vegar hringt í hana og sagt að hún væri að fara út á land. Að kvöldi 15. júlí 2016 hefði ákærði sent henni tölvupóst og krafist þess að fá gögn um fyrirhugaða ferð hennar, sambýlismanns hennar F og barnsins til [...], m.a. bólusetningarskírteini. Þá hefði ákærði tilkynnt henni að hann væri búinn að hafa samband við [...] yfirvöld og tilkynna þeim um ferðir þeirra. Hefði hún á þessum tímapunkti verið orðin hrædd um að ákærði myndi ekki afhenda henni barnið fyrir ferðina. Hún hefði verið hrædd við ákærða, sem hefði oft áður hótað ofbeldi, og því hefði hún haft samband við lögreglu. Hann hefði beitt hana andlegu ofbeldi og aðdróttunum í mörg ár. Hún hefði farið með [...] að heimili ákærðu en áður hefði hún sagt ákærða að hún myndi koma og sækja dóttur þeirra ef hann yrði ekki kominn með hana kl. 13.20. Ákærði hefði opnað dyrnar og hlegið að henni. Hefði hann sagt að hann ætlaði ekki að afhenda barnið. Hún hefði aftur hringt bjöllunni og hefði hann opnað. Hefði hún þá sagt honum að hún ætlaði að sækja barnið og að lögregla væri með í för. Þá hefði komið fát á ákærða. Á sama tíma hefði hún séð dóttur sína á lengdar grátandi og hefði hún kallað til hennar. Hún hefði ýtt hendi ákærða frá dyrunum og gengið inn. Hennar „aðalmission“ hefði verið að sækja dóttur sína. Þegar hún hefði komið inn hefði ákærði komið aftan að henni, gripið um hálsinn á henni og tekið hana kverkataki með báðum höndum. Hefði hún ekki náð andanum og ekki náð að kyngja. Hefði hann þrýst þrisvar sinnum að. Þá hefði hann hent henni í gólfíð og hefðu orðið einhverjar ryskingar þar. Hefði hann rífið í hár hennar. Hún hefði sprottið upp og hefði henni þá verið hent utan í vegg. Svo hafi ákærða A komið að henni öskrandi og hlaupið að henni. Hún hefði borið fyrir sig hendurnar. Hefði ákærða hlaupið aftur „inn í hana“ eins og hafnaboltamaður. Þá hefði ákærða klórað hana. Í þriðja skiptið hefði ákærða komið hlaupandi að henni. Hún hefði borið fyrir sig hendurnar og hefði ákærða dottið í gólfíð en hún hefði verið í háhæluðum skóm.

Brotapoli kvaðst ekki hafa ráðist á ákærðu. Hún hefði bara viljað ná í barnið sitt. Hún hefði sagt barninu að fara út en það hefði staðið hjá tröppum sem liggja niður í stofu. Hún hefði farið á eftir barninu og ekki haldið í það. Barnið hefði verið mjög óöruggt og sagt nei er hún var að koma því í bifreiðina. Barnið hefði ekki falið sig í húsinu heldur staðið hjá ákærðu og hún hefði haldið í það.

Brotapoli kvaðst hafa verið mjög reið og hrædd þegar hún fór inn í hús ákærðu að ná í barn sitt sem kallaði á hana.

Brotapoli kveðst ekki hafa ráðist á ákærða B.

Brotapoli segir að F hafi komið inn þegar ákærði var að ráðast á hana. Hafi hún ekki tekið eftir honum fyrr en barnið var að fara út. Hann og ákærða hefðu talað saman.

Brotapoli kveðst hafa hafi hlotið áverka á hálsi og tognun í baki. Eftir að hún hafi komið heim af spítalanum hafi hún tekið eftir blóði í þvagi. Afleiðingar af árásinni hafi m.a. verið fósturlát. Þá hafi hún átt við áfallastreituröskun og svefntruflanir að stríða. Á sama tíma hafi hún verið að aðstoða dóttur sína við að jafna sig á þessu. Vilji hún að barnið fyrirgefi föður sínum og þekki hann. Barnið hafi jafnframt átt við áfallastreituröskun að stríða og ekki viljað fara á ákveðna staði.

Hún kannaðist ekki við að ákærði hefði sagt henni að hún mætti sækja barnið kl. 15.

Hún kvaðst ekki hafa óttast um velferð barnsins hjá ákærða. Hins vegar hefði barnið stundum grátið áður en það fór og eftir að það kom frá honum. Hún minntist þess ekki að hafa sagt barninu að hún myndi koma með lögreglu að sækja hana til ákærða.

Brotapoli sagði að hún og ákærði hefðu verið hringtrúlofuð. Þau hefðu verið í sambúð. Ákærði hefði selt íbúð sína og búið hjá henni í nokkrar vikur en það hefði ekki gengið upp. Þá hefði hann búið hjá henni í fjórar vikur er dóttir þeirra fæddist. Í þessi skipti hefði hann ekki komið með húsgögn með sér. Þau hefðu verið í sambandi í kringum tvö ár.

F, sambýlismaður brotapola, kvaðst hafa haft samband við Neyðarlínu laugardaginn 16. júlí 2016 og óskað eftir aðstoð við að ná í barnið til föður þess. Á mánudeginum hefðu hann og brotapoli ætlað að fara út með barnið til [...]. Á föstudagskvöldinu hefði ákærði haft samband við þau í tölvuskeytum sem þau hefðu skilið sem svo að ákærði ætlaði að ekki að afhenda barnið í tíma. Enn fremur hefði barnið hringt og sagt að það væri að fara upp í sveit. Hefði lögregla samþykkt að bíða átektar er þau sæktu barnið til ákærðu klukkan rúmlega 13 umræddan laugardag. Þau hefðu bankað á dyr á heimili ákærða og hefði ákærði opnað og ekki

sagst ætla að afhenda barnið. Þau hefðu bankað aftur og hefðu þau þá heyrt barnið kalla mamma. Hefði brotþoli þá farið inn. Hefði F staðið fyrir utan og hugsað „fokk“. Hann hefði heyrt brjálæðisleg læti og farið inn. Hefði hann séð ákærða halda um kverkarnar á brotþola. Hann hefði verið fyrir aftan hana og haldið með báðum höndum. Brotþoli hefði síðan verið á gólfinu. Hefði hún sprottið upp og hefði F þá gengið á milli hennar og ákærða. Hefði ákærði lyft höndunum á mótí honum og hefði F spurt hvort hann væri að grínast. Hann hefði séð að eitthvað var í gangi milli brotþola og ákærðu A en haft athyglina aðallega á ákærða. Hann hefði heyrt brotþola segja barninu að fara út og hefði brotþoli farið á eftir henni. Hann hefði talað við A á leiðinni út. Hefði lögreglumaðurinn komið því til leiðar að barnið fengi að kveðja föður sinn og ákærðu. Hafi þau farið en faðir brotþola hafi sótt barnið.

Hann viðurkenndi að það hefðu verið mistök að kynna sig ekki fyrir Neyðarlínu sem sambýlismann brotþola, en hann hefði áður starfað sem lögmaður hennar í bótamáli.

Nánar aðspurður fannst F óljóst hvar ákærða var á þeim tíma sem átökin áttu sér stað. Honum fyndist sem ákærða hefði verið utan í brotþola eftir að hún losnaði frá ákærða. Hann geti ekki sagt nákvæmlega hvernig þetta var. Hann hafi séð hendur og að brotþoli hafi verið að reyna að ná til barnsins.

Hann hefði ekki séð brotþola veitast að ákærðu.

Hann hefði séð áverka og klórför á hálsi brotþola.

E lögreglumaður staðfesti framangreinda frumskýrslu sína um aðkomu sína að málinu. Hann kvað brotþola hafa orðið „alveg snar“ þegar ákærði hefði ekki viljað afhenda henni dóttur þeirra og öskrað að lögreglan væri á svæðinu. Hún hefði komið út með barnið og það hrópað á hjálp. Hefði hún dregið barnið hraðar en það gat gengið. Atburðarásin hefði verið mjög hröð frá því að brotþoli fór inn. Þegar hann sá brotþola fara inn í húsið hefði hann strax losað af sér öryggisbelti, farið út úr bifreiðinni og gengið að húsinu. Innan við mínúta hafi liðið þar til hann mætti brotþola með barnið á gangstéttinni. Öll hans orka eftir það hefði farið í að reyna að leysa umgengnisdeiluna, þ.e. hvenær ætti að afhenda barnið, en minna hefði verið rætt um ætlaða áverka eða líkamsmeiðingar innandyrna.

G skýrði svo frá að hann hefði verið í næsta húsi við ákærðu að vökva blóm. Þá hefði hann heyrt skerandi óp frá dóttur brotþola, en hún hefði sagt nei, nei, nei. Hefði brotþoli dregið hana á eftir sér og hent henni inn í bifreið sína.

I, starfsmaður Neyðarlínu, kom fyrir dóminn og gerði grein fyrir samskiptum við F og E lögreglumann laugardaginn 16. júlí 2018. Hann kvaðst ekki hafa vitað að F væri sambýlismaður brotaþola. Hann hefði alltaf kynnt sig sem lögmann hennar.

H læknir staðfesti framangreint vottorð sitt. Hann kvaðst hafa skoðað brotaþola og hefði hjúkrunarfræðingur tekið myndir. Hann kvað lýsingu brotaþola á árásinni, þ.e. að hún hefði verið tekin kverkataki, samrýmast áverkum sem voru á henni.

Ólíklegt sé að áverkar við háls séu tilkomnir eftir að henni hafi verið ýtt. Til þess að staðfesta tognun sé nægilegt að skoða sjúkling einu sinni. Hvað varðar það atriði að þrengt hafi verið að hálsi þá fari fram skoðun á ytra byrði hálsins, á eymslum og mari sem þar sé. Þá sé farið í innri skoðanir ef um breytingar á rödd er að ræða. Það hafi ekki verið ástæða til þess í þessu máli. Á þessum tíma hafi það heldur ekki verið staðlað verklag. Innri skoðun sé til að meta umfang áverka en ytri skoðun hafi staðfest nægilega að þetta hefði gerst. Staðsetning og lögum áverka á hálsi brotaþola staðfesti að eitthvað hafi hert að. Aðspurður sagði hann að rispur gætu komið eftir armbandsúr en heildaráverkar kæmu best heim og saman við að hert hefði verið að. Engin fingraför hefðu verið á hálsinum. Fingraför komi fram í sumum tilvikum en ekki öllum. Fari það eftir því hvort fingurnir séu kyrrir á sama stað allan tímann, hversu lengi sé hert að og hversu fast sé hert að. Ef viðkomandi nær að hreyfa sig á milli þannig að það komi tilfærsla á fingrum komi oft roði og rispur á sama svæði. Eymsli við hægra herðablað geti samrýmst þeirri lýsingu að gripið hafi verið um það. Aðspurður sagði hann fræðilega mögulegt að þeir áverkar sem voru á hálsi brotaþola hefðu verið sjálfsáverkar.

L lögreglumaður skýrði frá rannsókn á máli sem varðar kærðu ákærðu á hendur brotaþola og F.

M sálfræðingur staðfesti vottorð sitt vegna brotaþola. Hann kvaðst hafa haft hana í meðferð vegna einkenna áfallaröskunar í tengslum við árás sem hún hefði orðið fyrir. Gerði hann grein fyrir einkennum áfallaröskunarinnar sem væru svefnerfiðleikar, brotaþoli væri föst í atvikinu, hún væri þjád af vanmáttarkennd og ótta við að ráðist yrði á hana. Þá væru grátköst tíð eftir atvikið. Enn fremur hefði verið mikill kvíði og óvissa í tengslum við samskipti við barnsföður.

K læknir staðfesti læknisvottorð vegna ákærðu A.

IV.

Niðurstaða

Í máli þessu eru ákærðu ákærð fyrir ofbeldisbrot í nánu sambandi, líkamsárás og barnaverndarlagabrot, laugardaginn 16. júlí 2016, eins og nánar greinir í ákæru. Þau neita bæði sök.

Fyrir liggur að framangreindan dag ruddist brotþoli inn á heimili ákærðu í þeim tilgangi að ná í D, tíu ára gamalt barn hennar og ákærða B. Fór F, sambýlismaður brotþola, í humátt á eftir brotþola inn í hús ákærðu. Brotþoli og ákærði hafa allt frá því að barnið var mjög ungt átt í deilum um umgengi þess við ákærða, en brotþoli fer ein með forsjá barnsins. Á föstudagskvöldinu höfðu þau verið í tölvupóstsamskiptum vegna ferðar barnsins til [...] á mánudeginum þar sem ákærði krafðist gagna um ferðir þess þangað. Af svörum hans til brotþola taldi hún mega ráða að hann ætlaði ekki að skila henni barninu í tíma. Brotþoli dvaldist mjög skamma stund inni í húsinu, innan við mínútu af framburði að dæma, áður en hún kom út með barnið. Hvað gerðist inni í húsinu á þessum skamma tíma er umdeilt. Brotþoli ber að ákærðu hafi bæði ráðist á hana en ákærðu bera að hún hafi ráðist á þau. F ber að ákærði hafi tekið brotþola hálstaki og hent henni í gólfíð en framburður hans um þátt ákærðu A í málinu er óljós. Við mat á framburði F verður að hafa í huga tengsl hans við brotþola og getur hann því ekki talist óvilhallt vitni í málinu. Sama gildir um ákærðu hvað varðar framburð þeirra um háttsemi hvors annars.

Eins og fram hefur komið fékk F lögreglu til þess að vera nálægt vettvangi er hann og brotþoli fóru að sækja barnið til ákærða. Í frumskýrslu lögreglumannsins er haft eftir ákærða á vettvangi að hann hafi „varið sig“ þegar brotþoli réðst inn. Fyrir dóminum kvaðst ákærði hafa tekið ofarlega um líkama ákærðu og lagt hana í gólfíð eftir að hún hefði hrækt á hann og sparkað í hann. Þá kemur fram í frumskýrslunni að lögreglumaðurinn hafi séð smááverka fyrir neðan háls brotþola er hún kom út með barnið. Í skýrslu sinni fyrir dóminum kvað lögreglumaðurinn að öll hans orka, eftir að brotþoli kom út með barnið, hefði farið í að reyna að leysa umgengnisdeiluna, þ.e. hvenær ætti að afhenda barnið, en minna hefði verið rætt um ætlaða áverka eða líkamsmeiðingar innandyra.

Fyrir liggur læknisvottorð H, slysa- og bráðalæknis, um áverka á brotþola en læknirinn skoðaði hana skömmu eftir meint brot. Í framburði læknisins fyrir dómi kom fram að lýsing brotþola á því að hún hefði verið tekin kverkataki samrýmdust áverkum sem voru á henni. Þá staðfesti lögun áverka á hálsi hennar að eitthvað hefði hert að. Aðspurður sagði hann að rispúr á hálsi gætu komið eftir armbandsúr en heildaráverkar kæmu best heim og saman við að hert hefði verið að. Veitir vætti læknisins þannig framburði brotþola, sem hefur verið stöðugur um það

sem máli skiptir, stuðning. Telur dómurinn því sannað að ákærði B hafi tekið hana hálstaki eins og í ákæru greinir, þrengt ítrekað að hálsi hennar og hrint henni þannig að hún féll í gólfið. Hins vegar veitir hvorki vottorðið né framburður F því nægan stuðning að ákærði hafi rifið í hár brotaþola og ýtt henni utan í vegg og er það því ósannað. Ekki er unnt að fallast á það að neyðarvarnarsjónarmið, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, réttlæti aðgerðir ákærða. Verður ákærði því sakfelldur fyrir að hafa tekið brotaþola hálstaki, þrengt ítrekað að hálsi hennar og hrint henni þannig að hún féll í gólfið en sýknaður af því að hafa rifið í hár hennar og hent henni utan í vegg. Hvað varðar þátt ákærðu A þá telur dómurinn að gögn málsins styðji ekki nægilega framburð brotaþola um að ákærða hafi veist að brotaþola með ofbeldi, með því að hlaupa ítrekað á hana, auk þess sem framburður F um þátt ákærðu var óljós, eins og að framan greinir. Er því ósannað að ákærða hafi veist með ofbeldi að brotaþola og verður hún því sýknuð af ákæru.

Ákærði er enn fremur ákærður fyrir brot gegn barnaverndarlögum með því að barn hans og brotaþola varð vitni að framangreindri háttsemi hans. Óumdeilt er að barnið var á vettvangi en óljóst er hvar það var nákvæmlega í húsinu. Ekki var tekin skýrsla af barninu í tengslum við málið. Hins vegar liggur fyrir skýrsla félagsráðgjafa til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, um viðtal við barnið 10. október 2016, en skýrslan var tekin vegna umgengnismáls. Þar kemur fram að barnið orðið vitni að rífrildi foreldra sinna sem hafi leitt til þess að „ákærði tók brotaþola hálstaki og svo hafi allir farið að slást“. Barnið greindi frá því að hafa dottið og rúllað niður tröppur í kjölfar þessara átaka en af framburði fyrir dóminum virðast það vera tröppur sem liggja niður að stofu. Þá liggur fyrir framburður lögreglumanns um að barnið hafi hrópað á hjálp er það kom út úr húsinu. Telur dómurinn sannað að barnið hafi orðið vitni að árás ákærða.

Heimfærsla til refsíákvæða, refsing og einkaréttarkröfur:

Í ákæru eru brot ákærða heimfærð til 1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 23/2016, og 1. og 3. mgr. 99 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 3. gr. laga nr. 52/2009.

Ákvæði 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sem var sett inn í lögin með 4. gr. laga nr. 23/2016, er svohljóðandi: „Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“ Af athugasemdum sem fylgdu greinargerð með frumvarpi að lögum má ráða að ákvæðinu er ætlað taka til heimilisofbeldis.

Ákærði B og brotþoli voru ekki skráð í sambúð. Þótt ákærði hafi dvalið um nokkurra vikna skeið á heimili brotþola, er hann stóð í flutningum og þegar dóttir þeirra fæddist, jafnast það ekki til sambúðar. Þá kom fram í framburði brotþola hjá lögreglu að þau hefðu ekki verið í sambúð. Í athugasemdunum kemur enn fremur fram að gert er ráð fyrir að ákvæðinu verði að meginstefnu beitt einu og sér en ekki samhliða öðrum refsíákvæðum hegningarlaga, svo sem þeim sem fjalla um líkamsmeiðingar (217. og 218. gr.). Að þessu virtu verður háttsemi ákærða ekki heimfærð til 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum heldur til 217. gr. laganna.

Hvað varðar heimfærslu til 1. og 3. mgr. 99 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 3. gr. laga nr. 52/2009, þá verður barnaverndarlagabrot ákærða, með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 508/2015, frá 15. september 2016, heimfært til þessara ákvæða barnaverndarlaga.

Ákærði er fæddur 1968. Hann hefur ekki gerst sekur um brot sem máli skiptir. Til refsipýngingar horfir að ákærði braut alvarlega gegn barnsmóður sinni að dóttur þeirra viðstaddri. Hins vegar verður að hafa í huga að brotþoli réðst inn á heimili hans og gerðist þannig sek um refsivert brot gegn ákærða, sbr. 231. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi. Brotþoli kærði málið til lögreglu í ágúst 2016. Ekkert var aðhafst í málinu fyrr en í mars 2017 en þá voru teknar skýrslur af ákærðu og vitni. Læknisvottorð vegna brotþola lá fyrir í apríl sama ár. Var rannsókn málsins þá lokið, en bótakröfur voru ekki komnar fram. Ákæra í málinu var gefin út í júní 2018. Með hliðsjón af framangreindum tögum á rannsókninni, sem ákærða verður ekki kennt um, og því að hann hefur ekki áður gerst sekur um ofbeldisbrot þykir mega skilorðsbinda refsinguna að fullu til tveggja ára haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 2. mgr. 187. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 verður einkaréttarkröfu brotþola á hendur ákærðu A vísað frá dómi.

Ákærði B krefst þess að einkaréttarkröfu brotþola á hendur honum verði vísað frá dómi. Upphafleg krafa brotþola var að fjárhæð 2.750.000 krónur. Sundurliðaðist hún í miskabætur að fjárhæð 2.500.000 kr. og áætlaðan læknis- og sérfræðikostnað að fjárhæð 250.000 krónur. Krafan byggðist bæði á þeim atvikum sem urðu 16. júlí 2016 og ætluðu langvarandi ofbeldi ákærða á hendur brotþola. Með úrskurði dómsins, uppkveðnum 19. september 2018, var vísað frá dómi þeim hluta bótakröfunnar er varðaði önnur atvik en háttsemi þá sem ákærða var gefin að

sök í ákærinni. Telur ákærði að eftir standi krafan án fjárhæðar og sé ekki unnt að verjast henni. Dómurinn getur ekki fallist á það enda eru miskabætur nánast alfarið háðar mati dómara. Upphafleg fjárkrafa vegna miskabóta var 2.250.000 krónur og stóð sú fjárhæð áfram eftir úrskurðinn. Er því kröfu ákærða um frávísun á þessum grundvelli hafnað.

Við upphaf aðalmeðferðar lækkaði brotaþoli miskabótakröfu sína í eina milljón króna. Þá krafðist brotaþoli 589.680 krónur vegna vinnutaps í tengslum við mál þetta. Fallast ber á það með ákærða að síðarnefnda krafan sé vanreifðuð, þar sem hún er engum gögnum studd, og þá er hún of seint fram komin. Verður henni því vísað frá dómi.

Með háttsemi sinni hefur ákærði bakað sér bótaskyldu gagnvart brotaþola. Verður hann dæmdur til að greiða henni miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Fyrir liggur sálfræðivottorð M, sem hann staðfesti fyrir dóminum, þar sem fram kemur að brotaþoli hafi átt við áfallastreitu að stríða eftir atvikið. Brotaþoli byggir á því að hún hafi misst fóstur vegna brots ákærða. Því til stuðnings lagði hún fram gögn frá Landspítala-háskólasjúkrahúsi, þ.e. göngudeildarnótu, meðferðarseðil og minnispunkta um símtal. Gögn þessi, sem eru óundirrituð og óstaðfest, bera ekki með sér að fósturlátið megi rekja til brots ákærða. Er því ekki unnt að taka tillit til þeirra. Að þessu virtu þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 400.000 krónur. Skulu bæturnar bera vexti, sbr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júlí 2016, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 6. ágúst 2018, en þá var mánuður liðinn frá því að ákærða var birt krafan. Jafnframt ber að dæma ákærða til að greiða brotaþola málskostnað, en brotaþola var ekki skipaður réttargæslumaður. Er málskostnaðurinn 423.300 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar B. Ólafssonar lögmanns, sem þykja, með tilliti til umfangs málsins, hæfilega ákveðin 1.587.375 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá ber ákærða að greiða annan sakarkostnað málsins, sem er 37.800 krónur.

Með vísan til 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 ber að greiða málsvarnarlaun, Helga Jóhannessonar, skipaðs verjanda ákærðu A úr ríkissjóði, sem þykja, með tilliti til umfangs málsins, hæfilega ákveðin 1.037.085 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, B, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveim árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða, A, er sýknuð af kröfum ákærvaldsins.

Einkaréttarkröfu brotþola, C, á hendur ákærða um útlagðan kostnað vegna vinnutaps er vísað frá dómi.

Ákærði B greiði brotþola 400.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum, sbr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júlí 2016, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 6. ágúst 2018 til greiðsludags. Þá greiði hann brotþola 423.300 krónur í málskostnað.

Einkaréttarkröfu brotþola á hendur ákærðu A er vísað frá dómi.

Ákærði B greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar B. Ólafssonar lögmanns, 1.587.375 krónur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu A, Helga Jóhannessonar lögmanns, 1.037.085 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Kolbrún Sævarsdóttir (sign.)